

Ár 2011, fimmtudaginn 5. maí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 8. apríl 2011**

Í bréfinu eru kynnt afgreiðsla á athugasemdum frá Hveragerðisbæ til starfshóps um endurskoðun á lögum um sveitarstjórnir

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 18. apríl 2011.**

Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til að senda Alþingi umögn um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 27. apríl 2011.**

Í bréfinu er kynnt kynnisferð sveitarstjórnarmanna til Brussel 5.-9. júní nk..

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Héraðssambandinu Skarphéðni frá 4. apríl 2011.**

Í bréfinu er tillaga frá héraðsþingi Héraðssambandsins Skarphéðins frá 12. mars sl þar sem héraðsnefndum og sveitarfélögum er þakkað fyrir mikilvægan stuðning.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Þingeyjarsveit ódagsett.**

Í bréfinu er kynnt ráðstefna um orku- og auðlindamál sveitarfélaga sem haldin verður föstudaginn 13. og 14. maí í Stórutjarnarskóla.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn frá 15. apríl 2011.**

Í bréfinu skorar Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn á sveitarfélög að standa vörð um skólabókasöfn grunnskólanna og það mikilvæga starf sem þar fer fram.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Orlofi Húsmæðra frá 18. apríl 2011.**

Í bréfinu er gerð grein fyrir starfi orlofsnefndar árið 2010 og jafnframt sendur reikningur fyrir starfinu árið 2011.

Bæjarráð lýsir furðu sinni á því að boðuð lagabreyting þar sem orlofsgreiðslur þessar eru lagðar af skuli ekki hafa náð fram að ganga. Fá sveitarfélög ef nokkur gerðu ráð fyrir greiðslum vegna orlofs húsmæðra árið 2011 og Hveragerðisbær er þar á meðal. Greinilegt er að greiða verður reikning vegna ársins. Fjármögnun er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

**2. Fjárhagsleg málefni:**

**2.1. Samningur við Golfklúbb Hveragerðis vegna viðhalds knattspyrnuvalla.**

Lagður fram viðbótar samningur við Golfklúbb Hveragerðis vegna viðhalds knattspyrnuvalla í Hveragerði 2011.

Samningurinn samþykktur.

**3. Tæknileg málefni:**

**3.1. Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 8. apríl 2011 vegna athugasemda heilbrigðiseftirlits vegna ástands húsnæðis í eigu Hveragerðisbæjar og leiksvæða.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa þar sem farið er yfir athugasemdir Heilbrigðiseftirlits vegna ástands húsnæðis og leiksvæðis í leikskólum, grunnskóla, skólaseli og tjaldsvæði. Jafnframt lögð fram svör og framkvæmdaáætlun.

Bæjarráð samþykkir að svör skipulags- og byggingafulltrúa verði send Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

**3.2. Bréf frá Golfklúbbi Hveragerðis frá 6. apríl 2011.**

Í bréfinu óskar golfklúbbur Hveragerðis ásamt sumarbústaðaeigendum í Gufudal eftir afnotum af gömlu vatnsbóli Hveragerðisbæjar sem staðsett er í hlíðum Reykjafjalls ofan við golfvöll.

Bæjarráð samþykkir erindið enda sjái bréfritarar um og beri ábyrgð á gæðaeftirliti vatnsbólsins og sjái um allan rekstur þess.

**4. Verkfundagerðir:**

**4.1. Gatnagerð í Hveragerði 2010 frá 11. og 28. apríl 2011.**

Fundagerðirnar samþykktar.

**4.2. Fundargerð hönnunarfundar Mjúkhýsi Hveragerði - undirstöður frá 19. apríl 2011.**

Fundagerðin samþykkt.

**5. Fundargerðir til kynningar:**

- 5.1. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 8. apríl 2011.**
- 5.2. **Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 28. mars 2011.**
- 5.3. **Verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi frá 8. apríl 2011.**
- 5.4. **Starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi frá 21. desember 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:40

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)